

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2016, 11. maí, var haldinn 98. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Nichole Leigh Mosty (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í Reykjavík; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sindri Smárasón, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórnar í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2016, varðandi tillöguna. Sindri Smárasón, ungmennaráði Árbæjar og Holta, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040113

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sindra Smárasónar frá ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Reykjavíkurborg myndi starfshóp til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs og Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í starfshópi sem fjallar um stefnumótun Gufunesbæjar sem miðstöð útivistar og útináms.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu Sindra Smárasónar, fulltrúa í Ungmennaráði Árbæjar og Holta, um að skipaður verði starfshópur til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs, íþrótta- og tómstundaráðs og Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016. Við skipan fulltrúa í hópinn skal tekið mið af hugmyndum tillöguflutjanda þar að lútandi.

Frestað.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir, Ágúst Beinteinn Árnason og Embla Ýr Indriðadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf borgarstjórnar í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um regluleg málþing um málefni ungmenna. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2016, varðandi tillöguna. Ágúst Beinteinn Árnason, ungmennaráði Vesturbæjar, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040107

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ágústs Beinteins Árnasonar frá ungmennaráði Vesturbæjar:

Ungmennaráð Vesturbæjar leggur til að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu Ágústs Beinteins Árnasonar, fulltrúa í Ungmennaráði Vesturbæjar, um að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing ungmenna um málefni, sem snerta þau. Gert skal ráð fyrir því að fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en vorið 2017 og fundarefni valið í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að senda tillöguna til umsagnar í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og forsætisnefnd. Jafnframt er samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar í starfshópi sem fjallar um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi. Óskað er eftir að niðurstaðan liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 2016.

Samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Embla Ýr Indriðadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. febrúar 2016, um tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um að framtíð ungmennahúsa í Reykjavík verði tryggð. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2016, varðandi tillöguna. Embla Ýr Indriðadóttir, ungmennaráði Miðborgar og Hlíða kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016040112

Lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Ýrar Indriðadóttur frá ungmennaráði Miðborgar og Hlíða:

Að skóla- og frístundasvið tryggi framtíð ungmennahúsa í Reykjavík. Fjármagn til reksturs þeirra verði tryggt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í stýrihópi um frístundaþjónustu og félagsstarf.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Á undanförunum árum hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað lagt fram tillögur um að komið verði á fót ungmennahúsi í Reykjavík að norrænni fyrirmynd. Slíkt hús yrði ætlað ungmennum 16 ára og eldri þar sem þau gætu sinnt tómstundum og afþreyingu í vímuefnalausum umhverfi. Áhersla yrði lögð á að virkja hugmyndir og frumkvæði ungmennanna sjálfra við stefnumótun í starfi hússins og við rekstur þess. Óskað er eftir því að tillaga Emblu Ýrar Indriðadóttur, fulltrúa í Ungmennaráði Miðborgar og Hlíða, verði höfð til hliðsjónar við þá vinnu við stefnumótun í frístundaþjónustu, sem nú á sér stað hjá Reykjavíkurborg.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar Sindra Smárasyni, Ágústi Beinteini Árnasyni og Emblu Ýr Indriðadóttur frá Reykjavíkurráði ungmenna fyrir metnaðarfullar og mikilvægar tillögur sem snúa að hugðarefnum ungmenna, varða framtíð þeirra, þroska og velfarnað. Unnið verður áfram með tillögur þeirra í samráði og samtali við Reykjavíkurráð ungmenna.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Ágúst Beinteinn Árnason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. maí 2016, um málefni leikskólans Mýrar. SFS2016050047
- Kl. 12:40 vikur Valgerður Janusdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Við gerum alvarlegar athugasemdir við óviðunandi upplýsingagjöf til skóla- og frístundaráðs vegna hugsanlegrar lokunar leikskólans Mýrar. Á fundi ráðsins miðvikudaginn 27. apríl óskaði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar væru breytingar á leikskólastarfi í Vesturbænum vegna fækkunar barna í ákveðnum árgöngum, t.d. hvort til stæði að loka leikskóladeildum í hverfinu. Engar upplýsingar voru látnar í té á fundinum. Aðeins tveimur dögum síðar, 29. apríl, fengu foreldrar leikskólabarna á Mýri bréf frá skóla- og frístundasviði um að upp væri komin óvissa um framtíð leikskólans og að verið væri að skoða framtíð hans. Í bréfinu voru foreldrar upplýstir um að hafnar væru viðræður um einkavæðingu starfseminnar, þ.e. að leikskólinn Ós tæki yfir rekstur Mýrar en í bréfinu sagði jafnframt að ekki væri komin niðurstaða í þær viðræður. Ljóst er að umrædd óvissa um rekstur leikskólans Mýrar skapaðist ekki á þeim stutta tíma, sem leið frá lokum fundar ráðsins miðvikudaginn 27. apríl þar til foreldrunum barst umrætt bréf á föstudegi. Það er með algerum ólíkindum að skóla- og frístundaráð sé ekki upplýst um að óvissa ríki um rekstur ákveðins leikskóla í borginni og að verið sé að skoða hugmyndir um einkavæðingu hans. Það er svo sjálfsagt grundvallaratriði að ekki ætti að þurfa að taka það fram, að komi upp óvissa um framtíð skóla eða annarrar stofnunar er heyrir undir skóla- og frístundaráð, sé ráðið upplýst svo fljótt sem unnt er og án undanbragða um þá alvarlegu stöðu. Hið sama gildir að sjálfsögðu um þegar hafnar eru viðræður við einkaaðila um að taka að sér slíka starfsemi hvort sem starfsemin er í óvissu eður ei. Því miður er þetta ekki fyrsta dæmið um leyndarhyggju gagnvart kjörnum fulltrúum varðandi lokun leikskóla, sbr. lokun leikskólans Sjónarhóls í Grafarvogi á sl. sumri. Óskað er eftir því að slíkar upplýsingar verði veittar greiðlega í framtíðinni enda allsendis óviðunandi að kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði þurfi að lesa um það í

fjölmiðlum að óvissa sé uppi um framtíð einstakra skóla og að hafnar séu viðræður um einkavæðingu þeirra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna leggja áherslu á að umræða um framtíð leikskólans Mýrar er á vinnslustigi og standa yfir viðræður við foreldra á leikskólunum Mýri og Ósi um næstu skref. Engar ákvarðanir hafa verið teknar en málið verður að sjálfsögðu unnið áfram í góðu samstarfi við foreldra, starfsfólk og fulltrúa í skóla- og frístundaráði.

5. Lögð fram skýrslan *Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi, tillögur starfshóps*, dags. 1. apríl 2016. Ragnar Þorsteinsson, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016010132

- Kl. 13:20 vikur Rósa Ingvarsdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögum 1–2 úr skýrslu um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi, til umsagnar skólaráðs og foreldrafélags Klébergsskóla, foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans Bakkabergs, hverfisráðs Kjalarness og stjórnar Íbúasamtaka Kjalarness. Jafnframt verði haldinn opinn kynningarfundur um málið fyrir Kjalarnes áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu í skóla- og frístundaráði.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmæðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu 1 úr skýrslu um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi, um að stofnaður verði nýr samrekinn leikskóli og grunnskóli með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi til umsagnar skólaráðs og foreldrafélags Klébergsskóla og foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans Bakkabergs og hverfisráðs Kjalarness. Jafnframt verði haldinn opinn íbúafundur þar sem niðurstöður skýrslunnar verði kynntar áður en málið kemur til endanlegrar ákvörðunar í ráðinu.

Samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

6. Lögð fram skýrslan *Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi*, dags. 1. apríl 2016. Ragnar Þorsteinsson, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016010132

7. Lögð fram drög að reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum. Jafnframt lagður fram verkferill vegna úthlutunar, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, um tillögur varðandi stuðning í leikskólum og reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg, sem samþykktar voru í borgarráði 6. október 2011. SFS2016040149

- Kl. 14:05 tekur Valgerður Janusdóttir sæti á fundinum.

Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings samþykktar og vísað til borgarráðs með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá.

Reglurnar taki gildi 1. júní 2016. Frá sama tíma falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg frá 6. október 2011.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki verður annað séð en að fyrirliggjandi tillaga um úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur feli í sér skerðingu á þjónustu þar sem horfið verður frá því að úthluta fé vegna barna með málþroskafrávik sérstökum sérkennslustundum með sérkennara en þess í stað fer stuðningurinn fram í hópnum sem allir starfsmenn sinna óháð því hvort þeir hafi sértæka menntun á sviði sérkennslu eða ekki. Ljóst er að tilgangur umræddra breytinga er að mæta boðuðum niðurskurði í sérkennslu upp á 80 milljónir króna. Þegar um svo miklar breytingar er að ræða hefði verið bæði heppilegra og faglegra að fara af stað með tilraun í nokkrum skólum í stað þess að innleiða þær í alla skóla án þess að fyrir liggi úttekt á því hvort þessar breytingar séu til þess fallnar að ná meiri árangri en sá stuðningur sem í boði hefur verið hingað til. Fram hefur komið að meta eigi árangur þessara breytinga að tveimur árum liðnum. Nái breytingarnar ekki tilætluðum árangri er ljóst að mjög dýrmætur tími á málþroskaskeiði barna hefur farið til spillis.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar áréttu að með breytingum á reglum um stuðning á leikskólum er lögð áhersla á að styrkja fagstarfið á leikskólunum og gera stuðning við börn með sérþarfir í auknum mæli að sameiginlegu verkefni starfsfólks leikskóladeilda undir handleiðslu ábyrgðarmanns sérkennslu. Fjármagnið er nýtt með markvissari hætti til að stuðla að auknum framförum og velferð umræddra barna í leikskólunum.

Elísabet Helga Pálmadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Meðferð eineltismála í skóla- og frístundastarfi. Elísabet Helga Pálmadóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir verkefnastjórar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, Héðinn Pétursson, ráðgjafi foreldra og skóla og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2016050053

- Kl. 15:09 vikur Sindri Smáráson af fundinum.
- Kl. 15:30 vikur Valgerður Janusdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að samþykkt verði að fenginn verði óháður aðili til að fara yfir verkferla starfsstöðva skóla- og frístundasviðs vegna eineltis og samskiptavanda barna. Jafnframt verði lagðar fram tillögur til úrbóta þar á meðal með hliðsjón af breytingum sem fylgt hafa auknum rafrænum samskiptum barna. Hugað verði sérstaklega að því að samþætta vinnu allra aðila er að málefninu koma og samstarfi stoðkerfa borgarinnar, þ.m.t. Barnaverndar og þjónustumiðstöðva. Markmiðið er að tryggja að starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs séu ætíð vettvangur þar sem börn finna til öryggis og njóta hæfileika sinna.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að komið verði á fót eineltisráði sem yrði hlutlaus vettvangur sem foreldrar og skólar geta leitað til þegar ekki er unnt að greiða úr málum á vettvangi. Ráðið yrði skipað sérfræðingum og fulltrúum foreldra. Meginhlutverk ráðsins yrði að veita ráðgjöf og leitast við að komast að ásættanlegri niðurstöðu og finna úrlausn í erfiðum málum.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Brýnt er í ljósi þeirra alvarlegu eineltismála sem komið hafa upp á undanförunum misserum að gerð verði úttekt á viðbragðsáætlunum skólanna í eineltismálum með það að markmiði að virkja þær betur og bæta þær þar sem þörf þykir. Að sama skapi þarf að tryggja að þessar áætlanir séu sýnilegar á heimasíðum skólanna til upplýsingar fyrir foreldra og nemendur. Mikilvægt er að tryggja ábendingarleiðir ef grunur vaknar upp um eineltismál og sömuleiðis ef nemendur telja að þeir séu lagðir í einelti í skólanum. Þá þarf að efla forvarnarstarf til muna með það að markmiði að draga úr eineltismálum auk þess sem efla þarf í öllum skólum árlegan dag gegn einelti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir þakka ítarlega kynningu á meðferð eineltismála í skóla- og frístundastarfi. Ljóst er að margvísleg vinna hefur verið og er víða í skólasamfélaginu til að vinna með forvarnir gegn einelti sem og til að vinna með eineltismál sem vitað er um að upp hafi komið. Eineltismál geta verið gríðarlega flókin og farsælast er að skólasamfélagið í heild geti staðið sameiginlega sterkt að því að byggja upp andlega sterka einstaklinga sem taka ábyrgð á bæði daglegum samskiptum og netsamskiptum innan og utan skólans. Brýnt er að skerpa á verkferlum skólanna í eineltismálum þannig að unnt verði að koma bæði þolendum og gerendum til hjálpar. Skólinn, þjónustumiðstöðvar, skóla- og frístundasvið, velferðarsvið, foreldrasamfélagið – allir þessir aðilar þurfa að vinna samstíga í því að uppræta einelti í skólasamfélagi borgarinnar, innan skólans sem utan.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata telja afar mikilvægt að fenginn verði óháður aðili til að yfirfara alla verkferla starfsstöðva sviðsins í tengslum við eineltismál og samskiptavanda barna. Sérstaklega verði farið yfir samstarf við aðra aðila í meðferð slíkra mála, s.s. Barnavernd og þjónustumiðstöðvar. Afar brýnt er að tryggja að öll börn og ungmenni finni til öryggis og njóti hæfileika sinna í skólasamfélaginu.

9. Lagt fram ársuppgjör skóla- og frístundasviðs 2015. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015060210
- Kl. 15:30 viku Valgerður Janusdóttir og Atli Steinn Árnason af fundi.

- Kl. 15:45 vikur Hildur Skarphéðinsdóttir af fundi.
- 10. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr. á tímabilinu október til desember 2015. SFS2015060211
- 11. Lögð fram greinargerð fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, *Framkvæmd styrkjareglna 2015*. SFS2016050046
- 12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 93. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi samræmdar reglur í grunnskólum Reykjavíkurborgar um ástundun. SFS2016020096
- 13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 92. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi viðhald og endurbætur á húsnæði og lóð Árbæjarskóla og Ársels sl. þrjú ár. SFS2016010159
- 14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 96. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi leikskóladag barna og manneklu. SFS2016040037
- 15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 97. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi inntöku barna í leikskóla Reykjavíkurborgar haustið 2016. SFS2016040167
- 16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. maí 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 97. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi fækkun barna í leikskóladeildum í Vesturbæ. SFS2016040168
- 17. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. maí 2016, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2015010035
- Kl. 16:00 vikur Soffía Pálsdóttir af fundinum.
- 18. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 6. apríl 2016:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að ganga til viðræðna við Nýja skólakerfið, sem undirbýr stofnun tækniskóla á unglingastigi, um tiltæka kosti í því skyni að skólinn fái aðstöðu til starfsemi sinnar í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. maí 2016, varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Nýja skólakerfið. SFS2016040035

Frestað.
- Kl. 16:10 vikur Birgitta Bára Hassenstein af fundi.

Fundir slitið kl. 16:16

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Nichole Leigh Mosty

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf